



Reykjavík, 18. desember 2018

Efni: Framtíðarútreikningur örorkulífeyris

Tryggingastofnun vísar til erindis þíns dags. 20 nóvember sl. er varðar álit umboðsmanns Alþingis nr. 8955/2016 og túlkun hans á framtíðartímabilum örorkulífeyris sem greiddur er til þeirra sem búið hafa í fleiri en einu EES-landi og ættu að eiga hlutfallslegan rétt til almannatrygginga frá þeim löndum.

Óljóst er út frá álitum umboðsmanns Alþingis hvernig breyttri framkvæmd skuli háttáð. Álitid hefur því kallað á umfangsmikla athugun, t.a.m. hefur verið kannað hvernig mál sem þessi eru meðhöndluð á hinum Norðurlöndunum, út frá Evrópulöggjöf og lögum landanna. Þá hefur verið haft samband við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Tryggingastofnun óskaði jafnframt eftir afstöðu og aðkomu velferðarráðuneytisins til þess hvernig bregðast skuli við álitinu og hófst sú vinna í ágúst.

Í minnisblaði frá velferðarráðuneytinu dags. 29. nóvember sl. sem sent var stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, upplýsir ráðuneytið um afstöðu sína til álits umboðsmanns Alþingis. Unnið er með ráðuneytinu að breytingum sem þar koma fram.

Tryggingastofnun og velferðarráðuneytið vinna að útfærslu að nýrri framkvæmd og er gert ráð fyrir að niðurstaða liggja fyrir í janúar. Tryggingastofnun mun setja upplýsingar um framkvæmdina á heimasíðu sína. Tryggingastofnun vill vekja athygli á að samkvæmt minnisblaði velferðarráðuneytisins vegna útreiknings á búsetuhlutfalli verður eftir sem áður að kanna hvort réttur til greiðslna frá öðrum EES-ríkjum sé til staðar við ákvörðun um rétt viðkomandi hér á landi. Komi í ljós að réttur sé til staðar ber stofnuninni að taka tillit til þess réttar sem hann kann að eiga í öðrum aðildarríkjum EES.

Með vinsemd og virðingu,
Tryggingastofnun